DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið
Prentgripur 1041 0858

Nr. 2645 Síðan 1968 55. árgangur

Miðvikudagur 13. apríl 2022

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



*Frá undirskrift viljayfirlýsingar: f.v. Knútur Ármann (Friðheimum), Helgi Kjartansson (oddviti Bláskógabyggðar), Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Sveinn Aðalsteinsson (Orkídea), Hildur Ósk Sigurðardóttir (Gufuhlíð) og Axel Sæland (Espiflöt).*

# Grænn auðlindagarður í Reykholti

Orkídea, samstarfsverkefni um nýsköpun í matvælaframleiðslu og líftækni, skrifaði í vikunn undir viljayfirlýsingu um hagkvæmniskoðun á stofnun Græns auðlindagarðs í Reykholti í Biskupstungum (Bláskógabyggð) með öflugum ylræktarfyrirtækjum og sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Ylræktarfyrirtækin eru Espiflöt ehf., Friðheimar ehf. og Gufuhlíð ehf. Samtals eru þessi fyrirtæki með rúmlega 3 ha undir gleri og nota um 6 MW af uppsettri raforku. Ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, var viðstödd undirritunina og hvatti viðstadda til frekari dáða í þessu verkefni, sem hefur verið í undirbúningi í vetur.

Grænn auðlindagarður fylgir hugmyndafræði grænna iðngarða og nær yfir ákvæðið svæði með fyrirtækjum þar sem fyrirtækin leitast við að ná fram betri nýtni auðlinda, hreinni framleiðslu, stuðla að samlífi (symbiosis) fyrirtækja, draga úr loftslagsbreytingum og mengun ásamt því að fylgja félagslegum stöðlum, samnýta innviði og öðlast betri stýringu á áhættu. Grænn auðlindagarður er liður í því að byggja upp hringrásarkerfi í framleiðslu, sem byggist á því að lágmarka úrgang og hámarka nýtingu auðlinda. Jafnframt gefa auðlindagarðar, grænir sem aðrir, færi á sameiginlegum innkaupum orku og þjónustu sem gæti verið hagfelld fyrir einstök fyrirtæki garðsins.

Viðburðurinn markar tímamót í áframhaldandi vinnu með Græna iðngarða (Eco Industrial Parks), sem á mikið erindi við græna orkunotendur Íslands, ekki síst í dreifðum byggðum landsins.



## Óskum Sunnlendingum gleðilegra páska

Um leið og starfsmenn Dagskrárinnar senda lesendum óskir um gleðilega páska og hóflegt súkkulaðiát yfir hátíðarnar, bendum við á að næsta tölublað af Dagskránni kemur út miðvikudaginn 27. apríl. Auglýsingar og greinar í blaðið þurfa að berast fyrir mánudaginn 24. apríl nk.



*Selfyssingar fögnuðu innilega þegar titillinn var í höfn. Mynd: Árni Þór Grétarsson.*

# Selfoss á leið í Olís-deildina

Selfyssingar gerðu sér lítið fyrir og lönduðu deildarmeistaratitilinum í Grill 66 deild kvenna í handbolta sem fram fór í Vestmannaeyjum í síðustu viku og tryggðu sér þar með sæti í Olísdeildinni á næsta keppnistímabili. Í lokaleiknum lögðu þær ungmennalið ÍBV örugglega að velli með lokatölurnar 25-37. *HGL*



*Mynd: Dagskráin / Helga Guðrún*

# Fyrsta nemendasýning Dansakademíunnar sló í gegn

Dansakademían stóð fyrir stórglæsilegri nemendasýningu í íþróttahúsi Sunnulækjarskóla í liðinni viku og tókst einstaklega vel til, en um 140 nemendur á aldrinum 3 til 25 ára tóku þátt í þessari frábærlega heppnuðu sýningu sem var eflaust sú fyrsta af mörgum. *HGL*








Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

# Hveragerði best í heimi



Við ólumst upp við að hlaupa á milli húsa í Hveragerði, banka á dyr og spyrja hvort vinirnir vildu koma út í Eina krónu. Engir snjallsímar sem kröfðust athygli okkar allan daginn og internetið svo frumstætt að línuleg dagskrá á Rúv var yfirleitt meira spennandi.

Umhverfið í Hveragerði var og er skemmtilegt og smátt og smátt hefur aðstaðan batnað á ýmsum sviðum. Lengi vel var aðeins eitt íþróttahús í bænum en með tilkomu Hamarshallarinnar 2012 gjörbreyttist staðan. Á síðastliðnum 10 árum hefur fólk á öllum aldri notið aðstöðunnar þar, þjálfað sig og styrkt líkamlega, andlega og félagslega og í mörgum tilvikum tekið stórstígum framförum. Gleymum því þó ekki að áður en Hamarshöllin reis höfðum við einungis 600 fm. húsnæði til íþróttaiðkunar þannig að ljóst er að hvaða gerð af íþróttahúsi sem er hefði bætt aðstöðu okkar til muna.

## Rökin fokin

Áður en Hamarshöllin reis lágu reyndar einnig fyrir upplýsingar um afdrif Abrahallen í Noregi, sem meirihlutinn hafði notað sem rök fyrir því að skynsamlegt væri að reisa loftborið íþróttahús, en sú höll hafði þá fokið af grunni sínum í annað sinn á rúmum þremur árum. Vegna þessa höfðu Norðmennirnir horfið frá því að nota loftborið íþróttahús og ákveðið að reisa stálgrindarhús á grunni þess í staðinn. Þeim upplýsingum var þó ekki haldið á lofti í aðdraganda þess að Hamarshöllin reis, sem er ábyrgðarlaust.

Í fárviðri í febrúar s.l. sprakk Hamarshöllin. Okkar aðal aðstaða til íþróttaiðkunar hvarf eins og hendi væri veifað. Líklega er það einsdæmi í Íslandssögunni að 5.000 fm. bygging fjúki í heilu lagi af grunni sínum. Sem betur fer slasaðist þó enginn og sem betur fer var enginn inni í höllinni þótt starfsmenn hefðu verið við hana þegar atburðurinn varð.

Ég talaði um internetið hér áðan. Mikil framþróun hefur orðið frá því að ég var unglingur, ekki síst í allskonar tækni sem er orðin hluti af daglegu lífi okkar án þess að við tökum sérstaklega eftir því. Sú bylting sem orðið hefur í tækniþróun þýðir m.a. að á nokkrum mínútum er hægt að verða sér úti um upplýsingar um flest það sem maður vill kynna sér. Þegar sú umdeilda ákvörðun að reisa loftborið íþróttahús var tekin á sínum tíma var kannski eilítið erfiðara að ná í upplýsingar en í dag, en allt sem við hefðum þurft að vita átti þó að vera öllum sem tóku ákvörðunina fyllilega ljóst.

## Ódýrasti kosturinn?

Áður en ákvörðun um Hamarshöllina var tekin á sínum tíma voru helstu rök Sjálfstæðisflokksins að loftborið íþróttahús væri ódýrasti kosturinn. Í grein Arnars Ingólfssonar byggingafræðings frá 11. mars, sem flestir Hvergerðingar hafa líklega lesið, eru þau rök hrakin lið fyrir lið. Stofnkostnaður var í raun a.m.k. 200 milljónum hærri en haldið hefur verið fram, rekstrarkostnaðurinn u.þ.b. 35 milljónum hærri en ef um stálgrindarhús væri að ræða og tryggingakostnaður tæpum 10 milljónum hærri. Samkvæmt tölum Arnars hefði það borgað sig upp á 7 árum að byggja stálgrindarhús. Með aðstoð tækninnar sem ég minntist á hér áðan hefði verið auðvelt að fyrirbyggja þau mistök sem voru gerð með því að ráðast í þessa umdeildu framkvæmd.

Nú hefur íþróttahreyfingin skilað af sér þarfagreiningu. Þar er litið yfir 10 ára sögu Hamarshallarinnar, hvað var gott og hvað hefði mátt vera betra. Í greiningunni kemur fram að hitastig í Höllinni þarf að haldast stöðugt á bilinu 18-20 gráður. Á sínum tíma var lagt upp með að hitastigið yrði 16 gráður, sem hélst nokkuð vel fyrstu ár hallarinnar, en undanfarin ár hefur orkan sem fer inn í húsið ekki dugað til og því hefur hitastigið oft fallið niður í 10 gráður og þá þurft að fella niður æfingar sökum kulda. Nokkrir aðrir punktar voru í forgrunni við þarfagreiningu félagsins, svo sem hljóðvist, fjarlægðarskynjun, búningsklefar, áhaldageymslur og aðstaða fyrir áhorfendur svo fátt eitt sé nefnt. Að öllu þessu þarf að huga vandlega áður en sú stóra ákvörðun með hvaða hætti eigi að byggja íþróttamannvirkið upp aftur verður tekin.

## Brjóstvit eða hugvit?

Við í Okkar Hveragerði viljum horfa til langs tíma í uppbyggingu íþróttamannvirkja og viljum að Hveragerðisbær marki sér skýra stefnu um hvert skuli horfa og hvert skuli stefna. Við viljum taka allar tilfinningar til hliðar, horfa gagnrýnum augum á stöðu mála og taka ákvörðun út frá því. Ekki út frá særðu stolti.

Það er mikilvægt að taka tillit til þarfa allra bæjarbúa þegar tekin verður ákvörðun um hvernig Hamarshöll eigi að reisa, á hvaða aldri sem notendur þjónustunnar eru og hvaða íþróttagrein sem þeir stunda. Hveragerði er ört vaxandi bæjarfélag og uppbygging innviða verður að byggja á faglegum og vel ígrunduðum grunni. Síðast en ekki síst þarf öryggi iðkenda og áhorfenda að vera tryggt, það tók jú ekki nema tvær mínútur fyrir höllina að falla alveg.

*Sandra Sigurðardóttir, sem skipar 1. sæti á lista Okkar Hveragerðis*

## Sýslumaðurinn á Suðurlandi

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga hefst 15. apríl 2022.

Frá og með 19. apríl verður hægt að kjósa á opnunartíma skrifstofa embættisins. Beri kjósanda nauðsyn til að nýta kosningarétt sinn yfir páskana er hægt að hafa samband við vaktsíma sýslumanns milli kl. 12:00 og 16:00 og panta tíma hjá kjörstjóra. Símanúmer vaktsíma er 458 2820 og verður hann eingöngu í notkun yfir páskana.

**Skrifstofur embættisins eru á eftirtöldum stöðum:**
- Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði.
- Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal.
- Austurvegi 6, Hvolsvelli.
- Hörðuvöllum 1, Selfossi.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

**Íbúakosning í Sveitarfélaginu Hornafirði**
Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður kosið um nýtt aðal- og deiliskipulag í Innbæ á Höfn. Nánari upplýsingar um kosninguna má finna á www.hornafjordur.is.

Lengdur opnunartími vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar verður auglýstur síðar. Bent er á vefsíðuna www.kosning.is þar sem nálgast má ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga.

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**
**11. apríl 2022**
**Kristín Þórðardóttir**



Vertu hjartanlega velkomin

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

# Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



**N1 Hveragerði og Selfossi** leita að kraftmiklum og áreiðanlegum starfsmönnum til framtíðar - og sumarstarfa.
Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.
**Við óskum einnig eftir starfsfólki á Ísey Skyr Bar og Djúsí Hveragerði.**

**Helstu verkefni:**

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og samskiptafærni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

**Fríðindi í starfi**

- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Sumarstarfsfólk fær glaðning í lok sumars
- Aðgangur að velferðarþjónustu N1

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Björn Þórarinn Birgisson**, stöðvarstjóri, **bjornb@n1.is**, eða **Jónína K. Kristinsdóttir**, **ninna@n1.is** eða í síma **899 9495**

Áhugasamir geta sótt um á www.n1.is – merkt **Hveragerði og Selfoss**

440 1000 n1.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2020 – 2023

2021 Framúrskarandi fyrirtæki

ísey SKYR BAR

djúsí by BLACKBOX

N1 ALLA LEIÐ

# Guðmundur Kristinsson
## *minning*

Ein stærsta eikin í Aldingarði Selfoss er fallin, Guðmundur Kristinsson rithöfundur og bankagjaldkeri er allur. Rjóðrið sem hann skilur eftir sig er stórt en eikin var orðin gömul og laufin tekin að fjúka, elli kerling var farin að marka hetjuna.

Guðmundur var einn þriggja bræðra, allir hátt í tveggja metra menn og miklir að afli og afköstum í lífi og starfi. Sigfús varð staðarsmiður Selfoss eftir föður sinn en Hafsteinn byggði upp Kjörís í Hveragerði og var forystumaður Hveragerðisbæjar lengi. Guðmundur menntaði sig vel, ungur fékk hann áhuga víkingsins að kynnast starfi til lands og sjávar, fara um lönd í víking að fornum sið. Um tvítugt eftir stútentspróf fór hann og vann á búgörðum á Jótlandi. Fór síðan í tíu vikna ferð um Evrópu á reiðhjóli, langt á undan sinni samtíð svona eins og unglingar gera í dag. Réði sig svo til starfa á þýskum búgarði. Heim kom hann reynslunni ríkari og réri þá frá Þorlákshöfn einar fjórar vertíðir.

Hugur hans sneri að því að verða stór bóndi eins og forfeðurnir í Litlu Sandvík. Margt annað togaði í hann eins og fræðimennska og ritstörf, starfsvalið varð svo að gerast aðalféhirðir Landsbankans á Selfossi. Okkur ungu strákunum þótti sport að koma í bankann og taka út sem stærstar fjárhæðir í seðlum. Ég hef hvorki fyrr né síðar séð gjaldkera sem taldi peninga af jafn mikilli list og hann. Seðlabúntið var í hægri hendi og með fingrum vinstri handar taldi hann og svo hratt að auga festi ekki á, svo slengdi hann peningunum á borðið með skelli. Í spilavíti hefði þetta ekki verið betur gert. En rit-og fræðastörf voru honum kær.

Í Suðurland, blað Sjálfstæðismanna skrifaði hann pistla sem skáldið Guðmundur Daníelsson ritstýrði og kært var með honum og Ingólfi Jónssyni þingmanni og ráðherra. Guðmundur dofnaði sem sjálfstæðismaður í ellinni en Ingólfur var alltaf goð á stalli. Seinustu árin spurði hann mig oft, hverjir voru mestir menn okkar Sunnlendinga? Ég þóttist hugsa djúpt og sagði svo var það ekki Tryggvi Gunnarsson sem Ölfusárbrúna smíðaði, Egill Thorarensen kaupfélagsstjóri og Ingólfur Jónsson ráðherra, þá klappaði hann og undraðist að ég væri ekki vitlausari en þetta. Hinsvegar hikaði hann ekki við að fylgja sannfæringu sinni og 1970 kom fram sprengilisti til hreppsnefndar Selfoss sem fjórir Guðmundar fóru fyrir og kallaður var GÁB-listinn, kenndur við Guðmund Á Böðvarsson kaupmann og á eftir fóru þrír Guðmundar, Daníelsson, Helgason og Kristinsson. Samvinnumenn misstu meirihluta sinn eftir langa forystu og það með hlutkesti. Og framsóknarmaður dró spilið sem færði GÁB sigurinn.



*Mynd úr seríunni „Öðlingar", Lýður Geir Guðmundsson*

Guðmundur var jarðýta í áróðri og baráttu þar sem hann kom að verki, og get-spakur var hann um fylgi flokka í kosningum. Á ritvellinum liggja þó hans mestu afrek, Saga Staðarsmiðsins Kristins föður hans er einstaklega vel skrifuð bók. Saga Selfoss í tveimur bindum svo ekki sé talað um Styrjaldarárin á Suðurlandi. Ritdómur í Morgunblaðinu um sögu Selfoss segir allt um ritsnilld Guðmundar. „höfundur virðist vera gjörhugull nákvæmnsmaður, sem er umhugað um að skoða sem flest niður í kjölinn. Bókin er barmafull af girnilegum fróðleik, jafnframt því sem hún er vel skrifuð og lifandi." Þessar bækur hans ættu að vera skyldulesning hvers Selfyssings. Ritstíll Guðmundar var frábær og í Njálustíl.

Efri árin urðu Guðmundi nokkuð erfið. Þau Ásdís misstu Ingvar, kjörson sinn í bílslysi. Það reyndi mjög á þau hjón. Guðmundur var mikill áhugmaður um framhaldslífið og sálarrannsóknir, skrifaði metsölubækur um Sumarlandið og ævilok manna og hina eilífu sælu. En máltækið segir: „svo ergist hver sem hann eldist." Honum þótti nútíminn stundum fátækur í anda og forystumennirnir margir litlausir, miðað við gömlu garpana. En alltaf tók hann mér vel og ég fór fróðari af hans fundi.

Ég tel Guðmund einn af merkustu sonum Selfoss. Hann byggði hús sitt við Ölfusá og horfði í straumþungann. Nú hefur straumaldan hrifið hið feyskna tré á brott. En í Sumarlandinu mun hann hitta frændur og vini í varpa. Blessuð sé minning Guðmundar Kristinssonar.

*Guðni Ágústsson*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
**Ritstjóri:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 856 0656, dfs@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

**ISSN 1670-407X**

## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Margur þetta mannsnafn ber,
merkilegur fuglinn er,
orðið dauða merkir menn,
menn þar sparka bolta enn.

Svar við gátu í blaði 2644: **STÖNG**
1. Beilsis**stöng** - 2. **Stöng**
3. Gaukur á **stöng** - 4. Bullu/stimpil**stöng**

## Sunnlenski matgæðingurinn

Ég þakka Hrafnhildi systur minni fyrir áskorunina. Ég hef gaman af því að elda mat og þessi uppskrift er í miklu uppáhaldi hjá mínu fólki.



*Sigríður Karlsdóttir. er Matgæðingurinn þessa viku*

**Kjúklingaréttur með ostasósu og sætum kartöflum**

3 kjúklingabringur
1 sæt kartafla
1 mexíkóostur
1 piparostur
Hálf krukka saxaðir sólþurrkaðir tómatar
Nautakraftur eftir smekk
Hálfur lítri rjómi
Matarolía
Salt og pipar

**Undirbúningur:**

Skerið kartöfluna í um það bil 1 cm sneiðar og steikið á pönnu, ekki elda alveg í gegn. Brúnið kjúklingabringur á pönnu og kryddið með salti og pipar, ekki þarf að elda í gegn þar sem kjúklingurinn fer í ofn. Ostarnir rifnir niður, settir í pott með rjóma, nautakrafti og sólþurrkuðum tómötum og látið malla við vægan hita þar til osturinn er bráðinn.

Kjúklingur skorinn í bita, settur í eldfast mót, ostasósa sett yfir, kartöflusneiðar skornar í teninga og settar ofaná. Bakað við ca. 180 gráður í um það bil 25 mínútur.
Borið fram með góðu salati.

Ég skora á **Guðfinnu Gunnarsdóttur** dóttur mína að koma með uppskrift í næsta blaði. Hún er mjög góður kokkur og kemur örugglega með spennandi uppskrift.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

## KRAKKAHORNIÐ



***Páskakanínan skrapp í leiðangur í miðbæ Selfoss til að undirbúa páskahátíðina. Hún hoppaði og skoppaði svo mikið að páskaeggin flugu úr körfunni og dreifðust um allan bæinn. Getur þú hjálpað kanínunni að finna öll páskaeggin?***

# Ný brunavarnaáætlun undirrituð

Föstudaginn 1. apríl sl. var ný brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði Brunavarna Rangárvallasýslu samþykkt og undirrituð af forstjóra Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Á síðustu mánuðum hefur HMS unnið markvisst að því að styðja slökkviliðin í landinu við gerð brunavarnaáætlana og er gaman að segja frá því að nú er tæpur helmingur slökkviliða í landinu með gilda áætlun eða 15 af 32 slökkviliðum landsins.

Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin samkvæmt lögum. Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliða fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Við óskum Brunavörnum Rangárvallasýslu og íbúum sveitafélaganna til hamingju með áfangann.

*-Rangárþing eystra*






***Póstdreifing*** *er dreifingarfyrirtæki sem dreifir dagblöðum, tímaritum, fjölpósti og ýmsu öðru dreifingarefni.*

*Fyrirtækið keppir að því að vera í forystu á sviði dreifingar með því að bjóða viðtæka og áreiðanlega þjónustu á góðu verði.*

Póstdreifing

**BLAÐBERAR ÓSKAST**

*Póstdreifing óskar eftir að ráða blaðbera á Selfoss.*

*Frábærar aukatekjur fyrir duglegt og ábyrgt fólk.*

*Dreifing sex daga vikunnar, mánudaga til laugardaga fyrir klukkan 7 á árnorgnana.*

*Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Sendu póst á keyrsla@keyrsla.is eða í síma 820 3283 fyrir nánari upplýsingar.*

UMF SELFOSS 1936

**AÐALFUNDUR**

**Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss verður haldinn í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss, Engjavegi 80 fimmtudaginn 28. apríl kl. 20:00.**

**Dagskrá:**
**Venjuleg aðalfundarstörf**
**Önnur mál**
**Afhending viðurkenninga**

**Stjórnin.**

KARLAKÓR SELFOSS

**Karlakór Selfoss**



**Vortónleikar 2022**

Fimmtudaginn 21. apríl í Selfosskirkju kl. 20
Þriðjudaginn 26. apríl í Selfosskirkju kl. 20
Laugardaginn 30. apríl í Skálholtsdómkirkju kl. 17
Stjórnandi: Skarphéðinn Þór Hjartarson
Píanóleikur: Jón Bjarnason

**María Þrastardóttir** hefur hafið störf á Snyrtistofunni Evu í Miðgarði. María býður uppá allar helstu meðferðir og tekur vel á móti ykkur í notalegu umhverfi. Tímabókanir í síma 4823200 og á noona.is



Snyrtistofan Eva

## Vegna aðalfundar 2022

Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags hefur sent frá sér tillögu að lista samkvæmt lögum sem samþykkt voru á aðalfundi 2017. Nefndin leggur fram tillögu að lista til stjórnar og nefnda Bárunnar. Listi uppstillingarnefndar liggur frammi til kynningar hjá Bárunni, stéttarfélagi á Austurvegi 56, Selfossi og á heimasíðu félagsins frá og með föstudeginum 1. apríl 2022.

BÁRAN STÉTTARFÉLAG STOFNAÐ 25. JÚNÍ 2002

Á aðalfundi Bárunnar 2022 skal kosið um formann og tvo meðstjórnendur. Varamenn í stjórn (3)
Stjórn sjúkrasjóðs 5 aðalmenn og 3 til vara.
Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs (3 aðalmenn og 2 varamenn), uppstillingarnefnd (3 aðalmenn og 1 varamann), kjörstjórn (2 aðalmenn og 2 varamenn) og um skoðunarmenn reikninga (2 aðalskoðunarmenn og 1 varamaður),.
Frestur til að bjóða sig fram og/ eða bera fram aðrar tillögur til uppstillingarnefndar er til og með 30. apríl 2022 og skilist á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56 Selfossi (3. hæð).

**Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags**

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi.*

***1. Deiliskipulag Heiðarbrún 6-6b***

Bæjarstjórn Árborgar samþykki á fundi sínum 4. apríl 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu að Heiðarbrún 6-6b Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan geri ráð fyrir að lóðin Heiðarbrún 6, sem er 852m$^2$ að stærð yrði parhúsalóð (6-6b), og og að heimilt yrði að byggja parhús með stakstæðum eða sambyggðum bílskúr. Húsin yrðu á einni hæð með risi. Hámarksvegghæð allt að 3,5m og mænishæð allt að 6,5m. Nýtingarhlutfall allt að 0,5.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting liggur frammmi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillagan er auglýst með athugasemdafresti frá 13.04.2022 til og með 25.05.2022. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 25.05.2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllst,
**Anton Kári Halldórsson**
**skipulagsfulltrúi**

# Veiðihattur



Það er byrjað að vora og margir eru farnir að huga að sumrinu. Við erum á því að það er dásamlegt að eiga góðan veiðihatt sem er með góðu barði og léttur og hlýr, svo við drifum í að hekla hatt úr blöndu af ull og bómull. Við notuðum tvær garntegundir, Martha frá Permin sem er 50-50 blanda ull og bómull, handlitað með lífrænum ltunarefnum og einlitt Esther sem er 55%ull og 45 % bómull. Hatturinn er létttur og hlýr, skýlir fyrir sól og svo má hengja flugur í hann svo þær séu við hendina. Auðvitað má nota þennan hatt við önnur tækifæri og skreyta hann með mörgu öðru en veiðiflugum, allt eftir smekk og vilja.

Efni: 1 dk Martha, 1 dk Esther, prjónamerki, heklunál no 2,5.
Skammstafanir: ll - loftlykkja, kl - keðjulykkja, st - stuðull.
Stærðir: S-M-L

**Uppskrift:**
Athugið að fyrsti stuðull hverrar umferðar er gerður með 2 ll og hverjum hring er lokað með kl í seinni ll.
Búið til töfralykkju og heklið 10 st um hana, tengið í hring með 1 kl.
1.umf. 2 st í hvern st fyrri umferðar.
2.umf. *2 st í fyrsta st, 1 st* endurtakið * * hringinn.
3.umf. *2 st í fyrsta st, 2 st* endurtakið * * hringinn.
4.umf. *2 st í fyrsta st, 3 st* endurtakið * * hringinn.
5.umf. *2 st í fyrsta st, 4 st* endurtakið * * hringinn.
6.umf. *2 st í fyrsta st, 5 st* endurtakið * * hringinn.
7.umf. *2 st í fyrsta st, 6 st* endurtakið * * hringinn.
8.umf. *2 st í fyrsta st, 7 st* endurtakið * * hringinn.
9.umf. *2 st í fyrsta st, 8 st* endurtakið * * hringinn.
Í stærð S er umferðum 10-13 sleppt
10.umf. *2 st í fyrsta st, 9 st* endurtakið * * hringinn.
11.umf. *2 st í fyrsta st, 10 st* endurtakið * * hringinn.
Í stærð M er umferðum 12-13 sleppt
12.umf. *2 st í fyrsta st, 11 st* endurtakið * * hringinn.
13.umf. *2 st í fyrsta st, 12 st* endurtakið * * hringinn.
Heklið nú 5-5-6 umferðir 1 st í hvern st.
Skiptið um lit og heklið 2-2-3 umf með Esther.
Heklið 2-2-3 umf með grunnlit.
Skiptið um lit og heklið 2-2-3 umf með Esther.
Heklið 4 umf með grunnlit.
Hér hefst útaukning fyrir hattbarðið.
Heklið *2 st í fyrsta st, 2 st* endurtakið * * hringinn.
1 umf með st í hvern st.
Heklið *2 st í fyrsta st, 3 st* endurtakið * * hringinn.
1-1-2 umf með st í hvern st.
Skiptið um lit og heklið 1 umf st með Esther.
Slítið garnið frá, gangið frá endum og skolið úr mildu sápuvatni.

*Uppskrift: ÞÞ*

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

# Sóknarnefndin býður í kaffi á páskadagsmorgun

Nú verður aftur hægt að bjóða kirkjugestum upp á morgun hressingu að aflokinni messu um páskanna. En eins og áður verður messað í Selfosskirkju á páskadagsmorgun kl. 8.00. Það er sóknarnefndinni mikill heiður að bjóða til hressingar að aflokinni messu. Nokkur fyrirtæki í bænum hafa lagt sóknarnefndinni lið með hráefni til morgunverðarins sem hún er afskaplega þakklát fyrir. Vonandi koma sem flestir í messu á páskadagsmorgun og njóta hressingar á eftir. Hlökkum til að sjá ykkur, gleðilega páska.

Einnig vekjum við athygli á að árlegur hreinsunardagur hjá Selfosskirkju verður laugardaginn 23. apríl frá kl. 10 til 14.
*kveðja, Björn I. Gíslasson, formaður sóknarnefndar.*



# Kjaramál leikskólakennara

Félagsmenn 8. deildar félags leikskólakennara á Suðurlandi lýsa yfir áhyggjum varðandi þeirrar stöðu sem upp er komin. Kjaraviðræður hafa enn ekki skilað árangri þar sem samningsaðilar ná ekki sáttum um ásættanlegan kjarasamning. Hefur því verið kallað eftir aðkomu ríkissáttasemjara við stjórn viðræðna.

Þau tvö meginmálefni sem ágreiningur er um varðar framkvæmd styttingu vinnuvikunnar annars vegar. Það hefur komið á daginn að það er með öllu óhjákvæmilegt að ekki verði skerðing vegna styttingar vinnuviku hvað varðar þjónustu við nemendur okkar þar sem í mörgum leikskólum hefur þurft að loka deildum og hafa nemendur okkar orðið fyrir því að við höfum ekki náð að framfylgja þeim lögum sem okkur ber að vinna eftir.

Í 2. grein laga um leikskóla segir "veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim holt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði". Þá segir í sameiginlegum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla "Meginhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun þegnanna. Skólarnir skulu leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna".

Við teljum því ljóst að sveitarfélögin þurfa að endurskoða framkvæmd vinnustyttingar með tilliti til þarfa barna og að fjármagn þurfi til framkvæmdar.

Einnig er ágreiningur um launalegan hvata þeirra réttindakennara og þeirra sem eru með leikskólafræði á bak við sitt nám til að taka að sér millistjórnun innan leikskólans, svo sem deildarstjórastöður og sérkennslustjórastöður. Það hefur í mörgum leikskólum reynst erfitt að fá kennara með leyfisbréf í deildarstjórastöður og sérkennslustjórastöður þar sem lítill launalegur hvati liggur þar að baki en tæpum 25 þúsund krónum munar á deildarstjóra með leyfisbréf í 100% stöðu og leikskólakennara í 100% stöðu. Þar munar þó töluverðu í ábyrgð en deildarstjóri er til dæmis með mannaforráð, foreldrasamskipti og ber ábyrgð á því að hver og einn nemandi okkar fái þá menntun sem honum ber.

Eins við öll vitum er þjóðfélagið í heild sinni að stíga upp úr erfiðu tímabili sem reyndi á grunnstoðir samfélagsins og er leikskólinn svo sannarlega ein af grunnstoðum samfélagsins. Okkur þykja leikskólar landsins hafa staðið sig vel þar sem allir kennarar lögðust á eitt til að halda leikskólastarfinu gangandi þannig að nemendur okkar hefðu sitt öryggi og fengju þá menntun sem þeim ber.

8. deild félags leikskólakennara biðlar til meðlima sveitar- og bæjarstjórna að sýna það í verki hversu mikilvægt er að hafa leikskólakennara í störfum leikskólanna og styðja leikskólakennara í kjarasamningsviðræðum þeirra.

*Fyrir hönd 8. deildar FL*
*Helga Þórey Rúnarsdóttir*
*Jóna Kristín Jónsdóttir*
*Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir*



## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

***Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.***

**Glæsistaðir – Deiliskipulagstillaga**
Um er að ræða 1,0 ha spildu þar sem verður heimilt að byggja íbúðarhús og bílskúr á einni hæð með risi. Hámarksbyggingarmagn er 300 $m^2$ og hámarkshæð bygginga allt að 8,5m frá botnplötu.

**Sopi – Deiliskipulagsbreyting**
Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi á Sopa í V-Landeyjum. Breytingin felst í því að bætt er við nýjum byggingarreit undir 100 $m^2$ aðstöðuhús.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 13. apríl nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 25. maí nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
**Guðmundur Úlfar Gíslason**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi**



**Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu óskar eftir að ráða stuðningsfjölskyldur.**

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að veita börnum tilbreytingu og stuðning, létta álagi af fjölskyldum og styrkja félagslegt tengslanet. Um er að ræða 1-2 helgar í mánuði þar sem barn dvelur á heimili stuðningsfjölskyldunnar.

Hæfniskröfur: Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleika, frumkvæði, samviskusemi, heiðarleika, góðar heimilisaðstæður og hreint sakavottorð. Reynsla af umönnun barna æskileg.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru samkvæmt verktakasamningi.

Nánari upplýsingar veitir Inga Jara Jónsdóttir í síma 487-8125 eða á netfangið inga@felagsmal.is

Félags þjónusta
Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu

**Persónulegur ráðgjafi**

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu leitar að einstaklingi/um til þess að sinna starfi persónulegs ráðgjafa fyrir börn.

Persónulegur ráðgjafi er félagslegur stuðningur við börn eða foreldra og er ætlaður til að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.

Um er að ræða tímavinnu og er vinnutími samkomulagsatriði. Starfið er tilvalið með námi eða sem aukavinna. Starfið hentar bæði körlum og konum 18 ára eða eldri.

Nánari upplýsingar veitir Inga Jara Jónsdóttir í síma 487-8125 eða á netfangið inga@felagsmal.is.

Félags þjónusta
Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu

# Aldursvænn Hveragerðisbær



Öflug og virk þjónusta við eldri borgara er einn af mörgum lykilþáttum í velsæld Hveragerðisbæjar. Við í Okkar Hveragerði teljum aðgengilegt, aðlaðandi og hentugt samfélag fyrir eldri borgara lykilinn að aldursvænum bæ. Í slíkum bæ er öllum gert kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og þar er komið fram við alla af virðingu, óháð aldri. Virkni er forsenda farsællar öldrunar þar sem góð tengsl við samfélagið og samskipti styðja við góða heilsu og virkni.

**Umhverfi og aðgengi**

Umhverfi utandyra sem og opinberar byggingar hafa mikil áhrif á lífsgæði eldri borgara. Mikilvægt er að huga að ýmsum þáttum í því tilliti svo sem að tryggja sléttar og hreinar gangstéttir og að þær séu teknar niður við gatnamót og gangbrautir, aðstöðu til að sitja og hvílast og að byggingar þar sem aldraðir sækja sér þjónustu séu heppilega staðsettar og aðgengi gott. Okkar Hveragerði vill stuðla að því að þessum þáttum sé fylgt fast eftir svo að eldri borgurum séu allar leiðir greiðar. Við viljum jafnframt tryggja að eldri borgarar hafi greiðan aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði á svæðinu hvað varðar stuðningsþjónustu, félags- og tómstundastarf og ýmis samfélagsmál.

**Húsnæðismál**

Við í Okkar Hveragerði teljum mikilvægt að til staðar sé húsnæðisöryggi fyrir eldri borgara í Hveragerði og að í boði séu fjölbreytt búsetuúrræði þar sem þeir hafi kost á sjálfstæðri búsetu í íbúðakjörnum með góðri stuðningsþjónustu ásamt nægu framboði af dvalar- og hjúkrunarrýmum. Við teljum ríka þörf á því að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að dvalar- og hjúkrunarrýmum í Hveragerði verði fjölgað til að mæta aukinni þörf á því sviði, en það liggur fyrir að þeirri þörf verður ekki mætt að fullu með fyrirhugaðri fjölgun slíkra rýma í væntanlegri nýbyggingu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Áss.

**Tækifæri til þátttöku og heildræn þjónusta**

Félagsleg þátttaka er undirstaða góðrar geðheilsu og þátttaka í tómstundastarfi af ýmsu tagi gerir öldruðum kleift að rækta tengsl við aðra og viðhalda færni af ýmsu tagi. Mikilvægt er að veita öldruðum rík tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu svo sem með áframhaldandi atvinnumöguleikum og tækifærum til sjálfboðastarfs, menntunar og stjórnmálaþátttöku. Það er jafnframt mikilvægt að veita góðan stuðning við félags- og tómstundastarf aldraðra sem og aðgang að dagdvalarrýmum til að rjúfa félagslega einangrun og sinna almennum stuðningsþörfum sem og að stuðla að bættri geðheilsu. Við í Okkar Hveragerði teljum þörf á að fjölga dagdvalarrýmum í Hveragerði og leggjum ríka áherslu á að í Hveragerði sé haldið úti góðu stuðningsneti sem heldur utan um eldri borgara með stuðningsþarfir þar sem félagsþjónusta, heilsugæsla og dvalar- og hjúkrunarþjónusta vinna náið saman til að veita heildræna og samstillta þjónustu.

*Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Sigríður Hauksdóttir og Eygló Huld Jóhannesdóttir, sem skipa 3. 6. og 9. sæti á lista Okkar Hveragerðis*

# Menning er lífsgæði



Blómstrandi menningarlíf er fyrir marga hreinlega spurning um lífsgæði. Síðastliðin tvö ár þar sem samkomutakmarkanir hafa sett hömlur á menningarlíf höfum við svo sannarlega fundið fyrir því hversu mikilvæg menningin er fyrir okkur. Við vorum farin að þrá að koma saman og hlusta á góða tónlist, heyra gamansögur og grín eða bara að hittast og eiga stund saman.

Í Rangárþingi eystra er blómlegt og fjölbreytt menningarlíf, hér eru starfandi kórar, hljómsveitir leikfélög, listamenn, rithöfundar og ýmis félög. Hér eru haldnar hátíðir, s.s. djass undir fjöllunum, kjötsúpuhátíð, fiðlufjör, ljósahátíð og ekki má gleyma þorrablótunum sem hafa alltaf átt stóran sess í menningarlífi íbúa. 17. júní er haldinn hátíðlegur víðs vegar í sveitarfélaginu og svo mætti lengi telja. Einnig er gaman að sjá að einkaaðilar bjóða upp á menningarviðburði af ýmsum toga í sveitarfélaginu okkar.

Rangárþing eystra hefur styrkt menningarlífið í sveitarfélaginu í gegnum tíðina með því að bjóða fram húsnæði til æfinga, sýninga og tónleikahalds endurgjaldslaust en hefur einnig styrkt menningarlífið með beinum styrkjum. Í apríl 2019 var svo menningarsjóður Rangárþings eystra stofnaður með það að markmiði að efla og styrkja menningarlífið í sveitarfélaginu. Menningarnefnd sveitarfélagsins úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári og hefur verið mjög skemmtilegt að sjá hversu margir sækja um styrki til sjóðsins og einnig hversu fjölbreytt verkefnin eru og er því ljóst að þörf er á auknu fjármagni til sjóðsins.

Framboð Framsóknarmanna og annarra framfarasinna vill halda áfram að styðja við og styrkja öflugt menningarlíf alls staðar í sveitarfélaginu. Við munum m.a. leggja áherslu á barnamenningu í sveitarfélaginu og stuðla að fjölbreyttu framboði af menningarstarfi í frístundarstarfi barna og unglinga.

Á næsta kjörtímabili verður opnuð sýning um Njálurefillinn okkar sem mun verða mikið aðdráttarafl. Einnig er stefnt að því að við fáum að sjá afrakstur vinnunar við að fá afsteypu af Afrekshuga eftir Nínu Sæmundsson hingað til okkar.

Nú þegar bjartari tímar eru framundan er von mín að menningarlífið í Rangárþingi eystra fái að blómstra enn frekar. Viðburðum í sveitarfélaginu fari fjölgandi og hvet ég alla til að taka þátt og nýta sér það sem í boði er.

*Guri Hilstad Ólason Sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi eystra, Varaformaður menningarnefndar Rangárþings eystra, Frambjóðandi B-lista Framsóknarmanna og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra*

# Framtíðin er í Flóahreppi



Nú líður senn að sveitarstjórnarkosningum. Þá gefst kjósendum kostur á að velja sér þá fulltrúa sem þeir treysta best til að fara með stjórnun, ákvarðanatöku og fjárheimildir síns sveitarfélags til næstu fjögurra ára. Þetta val skiptir máli – miklu máli! Í Flóahreppi búa rétt um 700 íbúar, lítið á landsmælikvarða en engu að síður vaxandi sveitarfélag á svo margvíslegan hátt. Hér hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt síðustu árin.

Leikskóli og grunnskóli hafa byggst upp og staðan orðin sú að huga þarf að stækkun á báðum stöðum til að mæta nauðsynlegri þjónustu og innviðum sem snúa að börnum í sveitarfélaginu. Komin er framtíðarsýn varðandi uppbyggingu íþrótta- og samkomuhúss sem nýtast mun íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri. Þessari framtíðarsýn, sem helst í hendur við uppbyggingu innviða og þjónustu, þarf að fylgja vel eftir og á skynsaman hátt með réttri forgangsröðun. Það sem kann að ýta við og hraða þessari uppbyggingu eru áform um uppbyggingu í formi íbúðabyggðar ásamt hugmyndum um byggðakjarna við Þingborg á landi sveitarfélagsins. Allt eru þetta hugmyndir um jákvæðar breytingar sem geta skilað sveitarfélaginu sterkari tekjustofni til lengri tíma litið.

En það er ekki bara fjölgun íbúa sem er í vexti heldur sjáum við fjölbreytta atvinnustarfsemi blómstra víða í sveitarfélaginu okkar. Fyrirtæki í iðngreinum, þjónustu- og framleiðslufyrirtæki og ferðaþjónusta ásamt fjölbreyttum landbúnaði eru dæmi um atvinnustarfsemi sem sum hefur sprottið upp síðustu árin. Sveitarfélagið þarf að hlúa vel að fjölbreyttri atvinnustarfsemi, ýta undir fjölgun starfa innan sveitarfélagins og stuðla að atvinnuþátttöku og fjölbreytni í störfum. Það er einn af grunnþáttum hvers samfélags að íbúar búa við sem mest atvinnuöryggi. Í þessu samhengi þarf einnig að líta til þeirrar staðreyndar að samsetning íbúa í dreifbýli og atvinna þeirra hefur breyst síðustu árin. Í Flóahreppi er meðalaldur íbúa 38,3 ár og sækja þeir margir vinnu utan sveitarfélags sem kallar á breyttar þarfir og þjónustu.

**Aukin þáttaka í íþrótta og æskulýðsstarfi**

Þá er mikilvægt að stuðla að því að börn, ungmenni og íbúar með sérstakar þarfir í sveitarfélaginu búi við jafnræði þegar kemur að því að stunda íþróttir, tómstundir og annað félagsstarf. Með því að stuðla að aukinni þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi skapast góður undirbúningur fyrir lífið og þannig eflum við einnig forvarnir. Við þurfum að gera það sem við getum til að börn og ungmenni í sveitarfélaginu feti rétta braut í lífinu og styðja við fjölskyldur eins og mögulegt er til að svo verði og er samfella í námi og tómstundum barna mikilvægur þáttur til að ná fram þeim markmiðum. Frekari uppbygging innan okkar sveitarfélags getur haft mikið að segja við að efla þátttöku barna, ungmenna og eldra fólks í sveitarfélaginu. Það eru tækifæri í byggingu íþrótta- og samkomuhúss, frekari eflingu á félagsstarfi fyrir íbúa á öllum aldri og í stuðningi sveitarfélagsins við uppbyggingu á útisvæðum innan sveitarfélagsins til að efla almenna lýðheilsu.

Flóahreppur hefur staðið framarlega að mörgu leyti þegar horft er til umhverfismála. Við vorum með fyrstu sveitarfélögum landsins til að fara í flokkun á sorpi og höfum staðið okkur ágætlega þar. En betur má ef duga skal. Við þurfum að horfa á leiðir til að stuðla enn frekar að umhverfisvitund íbúa sveitarfélagsins, til dæmis með því að bæta okkur enn frekar í sorpflokkun en einnig með því að skoða hvernig við getum orðið sjálfbærara og umhverfisvænna samfélag. Flóahreppur á að vera sveitarfélag sem leggur áherslu á að vera umhverfisvænt, heilsueflandi og aðlaðandi stað til að búa á og heimsækja. Við getum gert enn betur í að kynna sveitarfélagið sem spennandi áfangastað með uppbyggingu á opnum svæðum sveitarfélagsins og frekari kynningu á áhugaverðum og sögulegum stöðum.

Flóahreppur varð til árið 2006 við sameiningu þriggja sveitarfélaga. Hér er ég fædd og uppalin en í dag bý ég í Flóahreppi ásamt 698 sveitungum mínum. Ég ber hag alls sveitarfélagsins fyrir brjósti og vil að við höldum áfram að efla og styrkja sveitarfélagið og gera það að áhugaverðum áfangastað og búsetukosti þar sem þjónusta og innviðir haldast í hendur við fjölgun íbúa. Brennandi áhugi á samfélgsmálum þarf að vera til staðar þegar fólk gefur sig fram á lista til sveitarstjórnarkosninga. Íbúarnir mynda allir eitt og sama sveitarfélagið og ég trúi því að þeir sem gefa sig fram til að taka að sér þessi verkefni geri það af heilindum og með þarfir og framtíðarsýn alls sveitarfélagsins í huga.

*Hulda Kristjánsdóttir skipar 2. sæti á Framfaralistanum í Flóahreppi*


# Kerhólsskóli

## Íþróttakennari - leikskólakennari – stuðningsfulltrúar
## Skólaárið 2022-2023

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með u.þ.b. 70 nemendur á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk. Í skólanum er unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar". Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, útikennslu og heilbrigði. Í leikskóladeild er einnig unnið út frá hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði og um „Flæði".
Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

**Kerhólsskóli auglýsir eftir Íþróttakennara 100% staða.**
Um er að ræða kennslu í skólaíþróttum, sundi og mögulega fleiri greinum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf sem kennari
- Hæfnispróf sundstaða sbr. reglugerð nr. 814/2010
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð hæfni í samskiptum.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Góð íslenskukunnátta.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar er kostur.

**Kerhólsskóli óskar eftir að ráða kennara í leikskóladeild 100% staða**
Kennarar í leikskóladeild starfa eftir starfslýsingu leikskólakennara.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Faglegur metnaður og ábyrgð
- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar og Flæði er kostur.

Fáist ekki kennari er möguleiki að ráða leiðbeinanda tímabundið.
**Kerhólsskóli óskar eftir stuðningsfulltrúum og leiðbeinendum í frístund, 100% stöður.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð hæfni í samskiptum.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Þekking á Uppeldi til ábyrgðar er kostur.
- Góð íslenskukunnátta.
- Áhugi á að vinna með börnum.

**Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð**
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.
Umsóknum um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.
**Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2022**

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Sveitarfélagið
ÁRBORG

## Störf á heimili fatlaðs fólks

Starfsfólk óskast til starfa á heimilinu að Vallholti 9 í Sveitarfélaginu Árborg. Á heimilinu búa 5 fjölfatlaðir einstaklingar. Um er að ræða sumarafleysingar. Áframhaldandi starf kemur til greina. Vinnutími er vaktavinna.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Faglegt starf með fötluðum einstaklingum
- Að aðstoða og styðja heimilismenn við allar athafnir daglegs lífs
- Einstaklingsmiðuð persónuleg þjónusta

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af störfum með fötluðum æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustlund, góð framkoma og jákvætt viðmót

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Laun fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

**Nánari upplýsingar veita:**

Katrín Bjarnadóttir, forstöðumaður,
*katrinb@arborg.is, sími 891 8896*

Erna Guðlaugsdóttir, deildarstjóri,
*ernag@arborg.is , 868 0240*

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins *http://starf.arborg.is/*.

## GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna.
Fellum og fjarlægjum stór tré.
Við höfum tæki og fagmenn í verkið.
Bjóðum einnig uppá beðahreinsanir,
garða og plönturáðgjöf

**Sími 894 0444**
**bokkiehf@gmail.com**

BOKKI
GARÐAR



## Land til ræktunar

Landgræðslan auglýsir til leigu óbrotið land til túngerðar eða akuryrkju í nágrenni Gunnarsholts í Rangárþingi ytra. Leiguverð er samkvæmt gjaldskrá Landgræðslunnar. Umsóknir skal senda á netfangið reynir@land.is og er umsóknarfrestur til og með 29. apríl næstkomandi.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Landgræðslunnar, land.is eða hjá Reyni Þorsteinsyni, í síma 892-1347, reynir@land.is

## Kjörstjórn Flóahrepps auglýsir framboð til sveitarstjórnarkosninga í Flóahreppi 14. maí 2022

FLÓAHREPPUR

Kjörstaður: Félagslundur

**Tveir listar eru í kjöri:**

### I - Framfaralistinn

1. Árni Eiríksson
*Skúfslækur 2*
Oddviti/hópstjóri
2. Hulda Kristjánsdóttir
*Forsæti*
Rekstrarstjóri
3. Walter Fannar Kristjánsson
*Litlu - Reykir*
Bóndi
4. Sigrún Hrefna Arnardóttir
*Skyggnisholt*
Ferðaþjónustubóndi
5. Haraldur Einarsson
*Urriðafossi*
Bóndi
6. Helena Hólm
*Skálatjörn*
Ferðaþjónustubóndi
7. Sveinn Orri Einarsson
*Egilsstaðkot*
Viðgerðarmaður
8. Jakob Nielsen Kristjánsson
*Ísólfsskáli*
Bifvélavirki
9. Rúnar Magnússon
*Súluholt*
Húsasmiður
10. Margrét Jónsdóttir
*Syðri - Völlur*
bóndi

### T - T-listinn

1. Sigurjón Andrésson
*Hvítholt*
Verkefnisstjóri/ráðgjafi
2. Elín Höskuldsdóttir
*Krosshóll*
Félagsþj. í málefnum aldraðra
3. Harpa Magnúsdóttir
*Oddgeirshólar 4*
Bóndi
4. Hjalti Guðmundsson
*Smalaskáli*
*Húsasmíðameistari/*
framhaldsskólakennari
5. Anný Ingimarsdóttir
*Vorsabæjarhjáleiga*
Félagsráðgjafi
6. Halla Kjartansdóttir
*Ölvisholt*
Sjálfstætt starfandi
7. Sævar Örn Sigurvinsson
*Arabær*
Ferðaþjónustubóndi/
tamningamaður
8. Páll S. Pálsson
*Dverghamar*
Framkvæmdastjóri
9. Karólína Alma Jónsdóttir
*Syðri - Sýrlækur*
Rafeindavirki
10. Svanhvít Hermannsdóttir
*Lambastaðir*
*Ferðaþjónustubóndi/*
sagnfræðingur

*Kjörstjórn Flóahrepps,*
*Gísli Hauksson, Ólafur Þór Þórarinsson og Rannveig Árnadóttir*

prentmet ODDI

heildarlausnir í prentun




**Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.**

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir
Almenn prentun
Bækur
Límmiðar

Lynghóls 1, 110 Reykjavík 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Heiðargerði 22, 300 Akranes 431 1127

prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

**Karlakór Hreppamanna**



Vortónleikar 2022

Stjórnandi: Atli Guðlaugsson
Píanóleikari: Sigurður Helgi Oddsson
Einsöngur: Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason

Guðríðarkirkju þriðjudaginn 19. apríl kl. 20:00
Selfosskirkju föstudaginn 22. apríl kl. 20:00
Félagsheimilinu á Flúðum laugardaginn 23. apríl kl. 20:00
Aðgangseyrir kr. 3.500,-

FÉLAG RAFIÐNAÐARMANNA SUÐURLANDI

## AÐALFUNDUR
### Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Aðalfundur Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi verður haldinn miðvikudaginn 20. apríl 2022 á skrifstofu félagsins, Austurvegi 9. kl 19.00

**DAGSKRÁ:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

**Selfoss 8. apríl 2022**
Stjórn Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

**Aðalfundur** Framsóknarfélags Árborgar verður haldinn miðvikudaginn 27 apríl kl. 20.00 á Eyrarvegi 15.

**Dagskrá:**
- Hefðbundin aðalfundarstörf

Stjórnin

# Fyrsta nemendasýning Dansakademíunnar sló í gegn

Dansakademían, danslistarskóli sem starfar á Selfossi, stóð fyrir stórglæsilegri nemendasýningu í íþróttahúsi Sunnulækjarskóla í liðinni viku og tókst einstaklega vel til, en um 140 nemendur á aldrinum 3 til 25 ára tóku þátt í þessari frábærlega heppnuðu sýningu sem var eflaust sú fyrsta af mörgum.

*HGL*



















DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.is FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

## Er eitthvað að frétta?

Hægt er að senda fréttatilkynningar Dagskrána og DFS.is á dfs@dfs.is.

## Beitarhólf til leigu

Landgræðslan auglýsir til leigu 53 ha. hrossabeitarhólf í nágrenni Gunnarsholts í Rangárþingi ytra.
Leiguverð er samkvæmt gjaldskrá Landgræðslunnar.
Umsóknir skal senda á netfangið reynir@land.is og er umsóknarfrestur til kl 13:00 þann 11. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Reynir Þorsteinsson í síma 892-1347 eða reynir@land.is

## Útboð

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

### Búrfellsnáma - efnistaka

Verklok eru 1.11.2022

Verkið felur í sér efnistöku úr vikurnámu í landi Búrfells. Verktaki skal taka vikurefni frá 15 maí - 1 nóvember samkvæmt útboðslýsingu og ganga frá efnistökusvæði samanber útboðslýsingu.

**Helstu magntölur eru:**
Efnistaka vikurs
40-140.000 $m^3$

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 13. apríl 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús hjá EFLU Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið magnus.olason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Árnesi 804 Selfossi, fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 28. apríl og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sylvía Karen Heimisdótti Sveitastjóri
Björgvin Skafti Bjarnason oddviti

## PÁSKAOPNUN

Í APÓTEKARANUM SELFOSSI

GLEÐILEGA PÁSKA

| | |
|---|---|
| Skírdagur | 10–16 |
| Föstudagurinn langi | Lokað |
| Páskadagur | Lokað |
| Annar í páskum | 10–16 |

Austurvegi 3-5
482 1177
www.apotekarinn.is
Apótekarinn Selfossi

## Rangárþing eystra
## ÚTBOÐ

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í :
**„Hallgerðartún 2. áfangi gatnagerð"**

Verkið felur í sér gatnagerð í Hallgerðartúni á Hvolsvelli. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Gröftur | 2800 $m^3$ |
| Styrktarlag og fylling í lagnaskurði | 6400 $m^3$ |
| Fráveitulagnir | 806 m |
| Vatnsveitulagnir | 360 m |
| Hitaveitulagnir | 750 m |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2022.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 14. apríl 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við undirritaðan með tölvupósti á netfangið ulfar@hvolsvollur.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.
Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 5, 860 Hvolsvöllur fyrir **kl. 11.00 föstudaginn 29. apríl 2022** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Guðmundur Úlfar Gíslason**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra**

# Skóladagur Árborgar 2022

Skóladagur Árborgar var haldinn 30. mars sl. undir yfirskriftinni *Vellíðan okkar allra*. Það eru tvö ár síðan síðast tókst að halda sambærilegan dag og því einstaklega ánægjulegt að koma saman á þessum tímapunkti. Sunnulækjarskóli hýsti viðburðinn sem einkenndist af fagmennsku, fjölbreytni og gleði. Á skóladeginum sinna starfsmenn endurmenntun og að þessu sinni var deginum skipt upp í aðalfyrirlestra og vinnustofur. Þarna komu saman tæplega 400 starfsmenn grunnskóla og frístundastarfs í Árborg.

Þorsteinn Hjartarson sviðsstjóri fjölskyldusviðs setti skóladaginn og Margrét Björk Brynhildardóttir deildarstjóri skólaþjónustu, tók síðan við keflinu og stýrði dagskránni. Fyrsti fyrirlestur dagsins var í höndum Ásthildar Garðarsdóttur en hann fjallaði um að ná tökum á streitunni. Að hennar fyrirlestri loknum hófust vinnustofur þar sem hver starfsmaður gat valið á milli tveggja vinnustofa. Um var að ræða fjölbreyttar vinnustofur þar sem meðal annars var hægt að læra hvað felst í núvitund, kynnast jóga, fá fræðslu um handleiðslu og kynningu frá stéttarfélögum varðandi réttindi og styrki. Einnig var hægt að fá kynningu á fjölbreyttum spilum frá Spilavinum, fræðslu um hópefli og fyrirlestur um unga og gamla stráka í skólastarfi. Þá var í boði að hlusta á fyrirlestur um vegferð að vellíðan og velgengni þar sem áhersla var lögð á hvernig megi öðlast aukna hamingju, tilgang, sigra og sátt í lífi, leik og starfi.



Að loknum dásamlegum hádegisverði frá Menam fékk starfsfólk kynningu frá Kristínu Björk Jóhannsdóttur verkefnastjóra farsældarteymis Árborgar um innleiðingu farsældarlaganna og stöðuna í dag. Magnús Guðmundsson stýrði síðan skemmtilegri spurningakeppni áður en Bjartur Guðmundsson sló botninn í vel heppnaðan skóladag með fyrirlestri um hvernig við getum verið óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi. Birgir Edwald fráfarandi skólastjóri Sunnulækjarskóla sleit vel heppnuðum skóladegi.

Það er samdóma álit þátttakenda að dagurinn hafi heppnast vel og sé gott veganesti inn í það krefjandi starf sem starfsfólk grunnskóla og frístundar sinnir.






Göngum lengra
í Árborg

Vinstri græn í Árborg opna kosningamiðstöð í Fagrabæ við Bankaveg **miðvikudaginn 20. apríl**.

Íbúum Árborgar er boðið í kaffi og spjall **milli kl 15 og 18**.

Ráðherrar og þingmenn mæta á svæðið.

VINSTRI GRÆN






# Árborg – Höfuðstaður Suðurlands

Heildstæð stefnumótun og framtíð Árborgar sem höfuðstaðs Suðurlands

Kjörorð Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs „göngum lengra“ endurspeglar að við sem erum í framboði fyrir VG viljum tryggja að öll framþróun í sveitarfélaginu verði jákvæð og stefni í rétta átt. Með þessum orðum erum við að horfa til framtíðar þar sem við viljum meðal annars:

- tryggja félagsleg réttindi íbúa
- að hagræn þróun byggist á aðhaldi í fjármálum
- að tekjuöflun einkennist af réttlátri gjaldtöku
- að innviðauppbygging verði í samræmi við íbúafjölgun
- að hlúð verði að umhverfi og náttúru.

Til að ná árangri í þessum málaflokkum og öðrum sem viðkoma sveitarfélaginu þarf að hafa skýra sýn á framtíðina. Skýr sýn og markviss stefna í stjórnun og innra skipulagi sveitarfélaga er mikilvægur liður í að ná árangri. Fyrir sveitarfélagið Árborg þarf að vinna heildstæða stefnumótun sem er lykilþáttur í að ná fram jákvæði framþróun og til að leggja línur að framtíð sveitarfélagsins. Við hjá Vinstri grænum erum tilbúin í þá vinnu. Við viljum huga að stóru myndinni og setja upp sviðsmyndir hvernig við viljum að Árborg líti út eftir 5 ár, eftir 25 ár og eftir 50 ár þ.e.a.s. þegar Árborg verður stór. Í Árborg eru fullt af tækifærum og það má gera gott samfélag enn betra.

Í stefnumótunarvinnunni verðum við að horfa til allra helstu þátta samfélagsins sem skipta máli til að sveitarfélagið geti vaxið og dafnað. Til að sviðsmyndir framtíðar raungerist þurfum við að rýna í litlu myndirnar og raða upp mósaík sem styður við jöfnuð, réttlæti, lífsgæði og sjálfbærni. Við viljum búa í samfélagi þar sem við getum sótt alla nauðsynlega þjónustu og við viljum búa í sveitarfélagi þar sem er öflug félagsþjónustu, skóli fyrir börnin okkar og öll þau lífsgæði sem tilheyra nútíma samfélagi. Við þurfum líka að geta sinnt skyldu okkar sem mikilvægur þjónustukjarni fyrir allt Suðurland. Í þessu samhengi þurfum við að horfa til framtíðar og leggja okkur fram við að skoða langtímalausnir en festast ekki í því að slökkva elda til að bjarga málunum. Við hlökkum til að vinna fyrir sveitarfélagið þar sem margt gott hefur verið gert og bjartir tímar framundan.

Við þurfum að sýna Árborg, höfuðstað Suðurlands, þá virðingu að hér verði umhverfi sem tryggir að nútíma samfélag geti vaxið og dafnað. Að Árborg verði eftirsóttur staður til að eiga heima á, til að reka fyrirtæki, til að ala upp börn, til að verða gamall og til að sækja heim.

Göngum lengra, horfum til framtíðar en lærum af fortíðinni.

*Sigurður Torfi Sigurðsson og Guðbjörg Grímsdóttir*
*Skipa 1. og 2. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg*

# Auglýsing um kosningar til sveitarstjórnar í Bláskógabyggð sem fara fram laugardaginn 14. maí 2022

## Tveir listar eru í kjöri:

### T- listinn í Bláskógabyggð

Helgi Kjartansson
Íþróttakennari, Dalbraut 2

Stefanía Hákonardóttir
Rafmagns-og heilbrigðisverkfræðingur, Laugardalshólum

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson
Vélvirki, Heiðarbæ IV

Guðrún S. Magnúsdóttir
Bóndi, Bræðratungu

Guðni Sighvatsson
Grunnskólakennari, Hrísholti 10

Áslaug Alda Þórarinsdóttir
Þjónustustjóri seyruverkefnis,Spóastöðum 1

Elías Bergmann Jóhannsson
Starfsmaður íþróttamannvirkja Bláskógabyggðar,Mjóanesi

Sólmundur Magnús Sigurðarson
Stuðningsfulltrúi og þjálfari, Austurhlíð 3

Grímur Kristinsson
Smiður og búfræðingur, Ketilvöllum

Trausti Hjálmarsson
Bóndi, Austurhlíð lóð 1

Auður Ólafsdóttir
Húsmóðir og hársnyrtir, Litla-Fljóti 2

Arite Fricke
Hönnuður, myndlistamaður og kennari, Bæjarholti 14

Kristinn Bjarnason
Verslunarmaður, Brautarhóli

Valgerður Sævarsdóttir
Bókasafnsfræðingur, Garði

### Þ-listinn í Bláskógabyggð

Anna Greta Ólafsdóttir
Ráðgjafi, fyrrum skólastjóri, Bæjarholti 11

Jón Forni Snæbjörnsson
Byggingarverkfræðingur,slökkviliðsmaður, Torfholti 2

Andri Snær Ágústsson
Eigandi ferðaskrifstofu, Launrétti

Stephanie Langridge
Ferðaþjónustu- og markaðssérfræðingur, Eyvindartungu

Þóra Þöll Meldal Tryggvadóttir
Umsjónarmaður fasteigna, Laugarbraut 1

Hildur Hálfdánardóttir
Skólafulltrúi og ritari, Torfholti 16

Kamil Lewandowski
Kennari, Skólatúni 5b

Anthony Karl Flores
Smiður, Miðdal

Smári Stefánsson
Framkvæmdarstjóri, Háholti 2c

Jens Pétur Jóhannsson
Rafvirki, Laugarási 1

Kjörstaðir verða í húsnæði Aratungu í Reykholti, fyrir íbúa í Biskupstungum, og í húsnæði Bláskógaskóla á Laugarvatni, Lindarbraut 6, fyrir íbúa í Laugardal og Þingvallasveit.

Kjörfundir hefjast kl. 10:00 og ljúka kl. 22:00. Talið verður í húsnæði Aratungu í Reykholti og hefst talning eftir lok kjörfunda.

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

*Yfirkjörstjórn þann 11. apríl 2022,*
*Elinborg Sigurðardóttir, Iðu*
*Jóhannes Sveinbjörnsson, Heiðarbæ*
*Kristófer Tómasson, Launrétt 8*

# Sveitarstjórnarkosningar, 14. maí 2022.

Kjörstaðir í Bláskógabyggð vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 eru tveir:

1. **Húsnæði Aratungu**, Reykholti, ***fyrir íbúa í Biskupstungum***.
2. **Húsnæði Bláskógaskóla Laugarvatni**, Lindarbraut 6, ***fyrir íbúa í Laugardal og Þingvallasveit***.

**Kjörfundur hefst í báðum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.**

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísi þeim ef óskað er. Einstaklingar búsettir erlendis, sem hafa kosningarétt í Bláskógabyggð og eru á kjörskrá í kjördeild I, Reykholti.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu frá og með 23. apríl 2022 fram til kl. 12:30 13. maí 2022

**Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar**


## Erum við að leita að þér?

Við hjá ION Adventure Hóteli á Nesjavöllum leitum að hressu og vinnusömu fólki til starfa á veitingastaðinn Silfru og á Norðurljósabarinn. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf, vera fróðleiksfús, geta unnið vel í hóp, sem og sjálfstætt og reynsla af störfum í veitingageiranum er æskileg.

**Áhugasamir geta sent umsókn með ferilskrá á silfra@ioniceland.is**

## Are we looking for you?

We at ION Adventure Hotel in Nesjavellir are looking for good and hard-working people to join our team at Silfra Restaurant and the Northern Lights Bar. We are looking for team players, who can adapt and rise to everyday challenges. Experience from the restaurant business is highly encouraged, but not necessary. We are only looking for applicants who have drivers 'licenses.

**Applications with CV´s can be sent to silfra@ioniceland.is**

ion ADVENTURE hotel

# Takmarkalaus listsköpun

Við kíktum í heimsókn til Jóhönnu Írisar Hjaltadóttur. Jóhanna er hæfileikabúnt sem hefur óbilandi áhuga á öllu er við kemur málun, föndri og hannyrðum. Jóhanna er úr Eyjafirðinum en ástin dró hana á Selfoss þar sem hún hefur búið í um fimm ár ásamt eiginmanni sínum, Landeyingnum, Herði Ársæli Sigmundssyni og eiga þau saman tveggja ára orkuboltann Daníel Þór.

Jóhanna ákvað í lok mars að búa til svokallaða „like“ síðu á Facebook, þar sem hún deilir myndum af því sem hún hefur tekið sér fyrir hendur, en hún hefur skreytt herbergið hjá Daníel litla með öllum uppáhalds teiknimyndafígúrunum hans, Daníel til mikillar ánægju.

## Draumurinn er að prófa að gera eitt eða tvö herbergi hérna á Selfossi

„Mér finnst þetta ótrúlega skemmtilegt, ég get illa unnið dagvinnu vegna stoðkerfisvandamála eftir bílslys, svo er ég í greiningarferli en ég er sennilega komin með vefjagigt líka. Þegar ég mála þarf ég ekki að vera bundin við að sitja, standa eða vera kyrr. Ég teikna gjarnan fígúrurnar upp á A3 eða stærra blað, ákveð stellingar og stærðir, festi blöðin á vegginn til að fá tilfinningu fyrir því hvernig uppsetningin ætti að vera. Ég get alveg gert helling heima líka, ég þarf ekki að vera alveg á staðnum allan tímann en ég er ekki að nota skjávarpa eða neitt svoleiðis.“

Jóhanna stundar nám í garðyrkjuframleiðslu en vegna fyrrgreindra líkamlegra kvilla sér hún ekki fram á að geta unnið mikið við annað en ráðgjöf í þeim geira á næstunni. Hún segist eiga það til að detta í öll verkefni sem tengjast því að mála, enda er hún tíður gestur á nytjamörkuðum þar sem hún kaupir sætar styttur og smáhluti og gefur þeim nýtt líf með því að mála þá upp á nýtt. Ekki nóg með að mála, heldur heklar hún líka og prjónar og er að sögn alveg friðlaus ef hún hefur ekki alltaf eitthvað að gera, brasa eða búa til.

## Hugmyndaflug á við fimmtán manns

Það yrði seint sagt að Jóhanna myndi deyja ráðalaus, en fjölmargt á heimili hennar hefur hún steypt eða leirað sjálf, þar á meðal er fallegur ísbjörn sem hún leiraði sem þjónar því hlutverki að halda niðri stöng sem opnar fyrir útblástur úr arninum á heimilinu. Jólaþorpið úr Costco keypti hún fyrir nokkrum árum: „Ég er búin að horfa á það lengi, mér fannst bara, æi fólkið [í jólaþorpinu úr Costco] var bara ljótt,“ segir Jóhanna og hlær. En hún tók sig til, tók allt í sundur, glerin úr húsunum og málaði allt upp á nýtt. Síðustu ár hefur Jóhanna tekið það að sér að lappa upp á hina og þessa hluti frá vinum og fjölskyldu, hún málar á steina, gefur gömlum garðálfum yfirhalningu og hefur verslað sér allskyns krúttlegar verur af Ali-Express sem hún gefur nýtt líf við komuna til landsins.

Jóhönnu líkar einkar vel hér á Selfossi og segir bæinn mun hlýlegri stað en Akureyri, þar sem hún bjó áður. Hún er í góðu sambandi við flesta nágranna sína og á tímabili hitti hún nokkrar nágrannakonur á morgnana til að föndra með þeim. Jóhanna á augljóslega framtíðina fyrir sér í þessum bransa og það er aldrei að vita nema við kíkjum aftur í heimsókn til hennar og sjáum hverju hún hefur safnað í sarpinn.

*HGL*














# Græna framtíðin í Grunnskólanum í Hveragerði

Um þessar mundir er aftur að hefjast Græna framtíðin sem er samstarfsverkefni milli grunnskólans og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Nemendur yngsta stigs fara í ferðir upp í garðyrkjuskólann á vorin þar sem þeir sá sumarblómum, kryddjurtum og/eða öðrum plöntum. Svo er vökvað, priklað og gróðursett og fylgst með vexti plantnanna. Nemendur fá svo plöntur með sér heim í skólalok.

Þetta skemmtilega verkefni hefur vakið mikla lukku meðal nemenda og kennara og er jafnframt ákveðinn vorboði með hækkandi sól.

*Grunnskólinn í Hveragerði*



## Auglýsing um framboðslista við sveitarstjórnarkosningarnar í Sveitarfélaginu Ölfusi laugardaginn 14. maí 2022

ÖLFUS

### B-listi Framfarasinna í Ölfusi

1. Hrönn Guðmundsdóttir
Skógfræðingur
Lýsuberg 10, 815 Þorlákshöfn
2. Vilhjálmur Baldur Guðmundsson
Húsasmíðameistari
Kirkjuferja, 816 Ölfusi
3. Gunnsteinn Ómarsson
Skrifstofustjóri
Reykjabraut 22, 815 Þorlákshöfn
4. Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir
Hegðunarráðgjafi
Ísleifsbúð 2, 815 Þorlákshöfn
5. Hlynur Logi Erlingsson
Stuðningsfulltrúi
Klængsbúð 12, 815 Þorlákshöfn
6. Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir
Kennaranemi
Klængsbúð 4, 815 Þorlákshöfn
7. Emil Karel Einarsson
Sjúkraþjálfari
Katlahraun 10, 815 Þorlákshöfn
8. Sigrún Theódórsdóttir
Félagsliði,
Lyngberg 16, 815 Þorlákshöfn
9. Arnar Bjarki Árnason
Vél- og orkutæknifræðingur
Bjarnastöðum, 816 Ölfusi
10. Helga Ósk Gunnsteinsdóttir
Framhaldsskólanemi
Reykjabraut 22, 815 Þorlákshöfn
11. Axel Orri Sigurðsson
Stýrimaður
Sambyggð 18, 815 Þorlákshöfn
12. Steinn Þór Karlsson
Búfræðingur
Lýsuberg 3, 815 Þorlákshöfn
13. Jón Páll Kristófersson
Rekstrarstjóri
Pálsbúð 2, 815 Þorlákshöfn
14. Anna Björg Níelsdóttir
Bókari
Sunnuhvoll, 816 Ölfusi

### D-listi Sjálfstæðisflokks

1. Gestur Þór Kristjánsson
Húsasmíðameistari
Básahraun 45, 815 Þorlákshöfn,
2. Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Bóndi og viðskiptafræðingur
Þórustaðir 2, 816 Ölfusi,
3. Grétar Ingi Erlendsson
Sölu- og markaðsstjóri
Finnsbúð 11, 815 Þorlákshöfn,
4. Erla Sif Markúsdóttir
Grunnskólakennari
Básahraun 38, 815 Þorlákshöfn,
5. Guðlaug Einarsdóttir
Grunnskólakennari
Skálholtsbraut 11, 815 Þorlákshöfn,
6. Geir Höskuldsson
Byggingaiðnfræðingur
Bær, 816 Ölfus,
7. Davíð Arnar Ágústsson
Íþr.- og heilsufr.nemi, körfuknl.maður
Lýsuberg 12, 815 Þorlákshöfn,
8. Margrét Polly Hansen Hauksdóttir
Hótelstjórnandi og frumkvöðull
Hrókabólsvegur 1, 816 Ölfus,
9. Sigríður Vilhjálmsdóttir
Lögfræðingur
Básahraun 8, 815 Þorlákshöfn,
10. Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Sjúkraþjálfari
Heinaberg 7, 815 Þorlákshöfn,
11. Bettý Grímsdóttir
Hjúkrunarfræðingur
Básahraun 29, 815 Þorlákshöfn,
12. Oskar Rybinski
Nemi og starfsmaður í félagsmiðstöð
Haukaberg 3, 815 Þorlákshöfn,
13. Steinar Lúðvíksson
Sérfræðingur hjá Landsvirkjun
Ísleifsbúð 3, 815 Þorlákshöfn,
14. Anna Lúthersdóttir
Eldri borgari
Selvogsbraut 5A, 815 Þorlákshöfn,

### H-listi Íbúalistinn í Ölfusi

1. Ása Berglind Hjálmarsdóttir
Menningarstjórnandi og tónl.kennari
Oddabraut 2, 815 Þorlákshöfn,
2. Böðvar Guðbjörn Jónsson
Hugbúnaðarsérfræðingur
Pálsbúð 25, 815 Þorlákshöfn,
3. Berglind Friðriksdóttir
Sálfræðingur
Skálholtsbraut 9, 815 Þorlákshöfn,
4. Sigfús Benóný Harðarson
Aðalvarðstjóri hjá Ríkislögreglustjóra
Brynjólfsbúð 16, 815 Þorlákshöfn,
5. Hrafnhildur Lilja Harðardóttir
Sálfræðingur
Klængsbúð 16, 815 Þorlákshöfn,
6. Rumyana Björg Ivansdóttir
Sjúkraliði
Oddabraut 13, 815 Þorlákshöfn,
7. Arna Þórdís Árnadóttir
Verkefnastjóri
Eyjahraun 25, 815 Þorlákshöfn,
8. Steingrímur Þorbjarnarson
Jarð- og mannfræðingur
Oddabraut 13, 815 Þorlákshöfn,
9. Guðlaug Arna Hannesdóttir
Geislafræðingur
Klébergi 14, 815 Þorlákshöfn,
10. Guðmundur Oddgeirsson
Öryggis- og vinnuverndarfulltrúi
Setbergi 18, 815 Þorlákshöfn,
11. Agnes Erna Estherardóttir
Bókhaldari, söngkona og smiður
Riftúni, 816 Ölfusi,
12. Davíð Reimarsson
Stuðningsfulltrúi
Hafnarbergi 16, 815 Þorlákshöfn ,
13. Óskar Hrafn Guðmundsson
Verkamaður
Heinabergi 14, 815 Þorlákshöfn,
14. Elín Björg Jónsdóttir
Eftirlaunakona
Haukabergi 6, 815 Þorlákshöfn

Kjörfundur hefst kl. 9:00 í Versölum (Ráðhúsinu), Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn og lýkur kl. 22:00.
Talning atkvæða fer fram á sama stað að kjörfundi loknum.

*Kjörstjórn*

VÖFFLUKAFFI

Vöfflukaffi laugardaginn
16. apríl milli kl. 11:00 og 12:00
á Eyravegi 15, Selfossi



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband í síma 482 1944
eða á auglysingar@dfs.is.


# Boðað var til móttöku undirskriftalista vegna skólahúsnæðis Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri



Stjórnendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri óskuðu eftir því, síðla haust 2021, við umsjónarmann fasteigna hjá sveitarfélaginu Árborg að gerð yrði loftgæðaúttekt á húsnæði skólans á Eyrarbakka. Verkfræðistofan Efla var fengin til verksins og bárust niðurstöður í janúar 2022. Í niðurstöðum kom fram að myglu væri að finna í húsnæðinu og í kjölfarið var ákveðið að ekki væri forsvaranlegt að halda úti starfsemi í húsunum á Eyrarbakka. Í skólahúsnæðinu fór fram kennsla 7.-10. bekkja auk þess sem þar var aðstaða fyrir kennara í undirbúningi, rými fyrir sérkennslu og matsalur. Í febrúar 2022 bárust stjórnendum Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri drög að skýrslu frá verkfræðistofunni Eflu um niðurstöður loftgæðarannsóknar sem fram fór á gamla skólahúsnæðinu á Stokkseyri en skólastjórnendur óskuðu eftir rannsókninni í kjölfar niðurstaðna um myglu sem fannst í skólahúsnæðinu á Eyrarbakka. Í ljós kom að myglu væri einnig að finna í gamla húsnæðinu á Stokkseyri. Þar fór fram tónmennta-, leiklistar- og heimilisfræðikennsla, starfsemi frístundarheimilis Stjörnusteina og starfsemi Zelsíus félagsmiðstöðvar auk þess sem þar voru geymslur og þvottaaðstaða fyrir skólann.

Íbúafundur var haldinn þriðjudaginn 8. mars 2022 í Samkomuhúsinu Stað á vegum sveitafélagsins Árborgar að tilstuðlan Hverfisráðs Eyrarbakka eftir fjölda áskorana. Þar voru flutt erindi frá bæjarfulltrúum, skólastjóra og íbúum Eyrarbakka og Stokkseyrar. Í erindum íbúa kom fram skýr vilji til þess að fundin yrði lausn á húsnæðisvanda skólans hið fyrsta í báðum þorpum og kallað eftir upplýsingum um hvar málið væri statt. Ekki gafst tími til umræðu og spurninga að loknum erindum.

Skólaþing var haldið þriðjudaginn 15. mars 2022 í skólahúsnæðinu á Stokkseyri á vegum sveitafélagsins Árborgar. Fengnir voru ráðgjafendur frá RR Ráðgjöf sem stýrðu fundinum. Íbúum fannst fátt um svör við húsnæðisvanda Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri og upplifðu ekki að bæjarstjórnendur hefðu vilja til þess að upplýsa íbúa um stöðu mála og upplifðu jafnframt reiði vegna ónægra upplýsinga og lítils samráðs varðandi staðsetningu bráðabirgðaskólahúsnæðis og framtíðarhúsnæðis skólans en íbúar telja að skólahúsnæði í báðum þorpum sé mikilvægt fyrir byggðaþróun beggja þorpa.

Opinn umræðufundur íbúa var haldinn sunnudaginn 20. mars 2022 fyrir tilstuðlan aðgerðarteymis um skólamál á Eyrarbakka. Þar fóru fram frjálsar umræður og skoðanaskipti íbúa varðandi skólamál á Eyrarbakka. Niðurstaða fundarins var tekin saman í ályktun íbúafundarins auk þess sem ákveðið var að safna undirskriftum íbúa þar sem bæjarstjórnendur eru hvattir til að byggja upp bráðabirgðahúsnæði og framtíðarhúsnæði á Eyrarbakka auk þess að klára að fullgera skólahúsnæði á Stokkseyri.

Með þessu bréfi boðaði aðgerðarteymið til móttöku undirskriftarlista íbúa vegna skólahúsnæðis Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, mánudaginn 11. apríl 2022, klukkan 17 við skólahúsnæðið á Eyrarbakka.

*Fyrir hönd aðgerðarteymis um skólamál á Eyrarbakka,*

*Drífa Pálín Geirs,*
*Esther Helga Guðmundsdóttir,*
*Guðmundur Ármann Pétursson*
*og Vigdís Sigurðardóttir*



# Áfram Árborg kynnir framboðslista

Bæjarmálafélagið Áfram Árborg, listi Pírata, Viðreisnar og óháðra býður sig fram til Sveitarstjórnarkosninga í Árborg árið 2022.

Listinn samanstendur af öflugu fólki sem vill leggja sig fram um að þjónusta íbúa Árborgar sem best og hefur hugrekki og framsýni til þess að gera það sem þarf.

Álfheiður Eymarsdóttir er oddviti Áfram Árborgar.

*Fréttatilkynning frá Áfram Árborg*

1. Álfheiður Eymarsdóttir, stjórnmálafræðingur
2. Axel Sigurðsson, matvælafræðingur
3. Dagbjört Harðardóttir, forstöðukona
4. Ástrós Rut Sigurðardóttir, atvinnurekandi
5. Daníel Leó Ólason, raforkuverkfræðingur
6. Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, deildarstjóri
7. Ragnheiður Pálsdóttir, háskólanemi
8. Óli Kristján Ármannsson, ráðgjafi og blaðamaður
9. Eyjólfur Sturlaugsson, framkvæmdastjóri
10. Halla Ósk Heiðmarsdóttir, háskólanemi
11. Berglind Björgvinsdóttir, deildarstjóri í leikskóla
12. Arnar Þór Skúlason, matvælafræðingur
13. Lieselot Simoen, leikskólastjóri
14. Mábil Þöll Guðnadóttir, stuðningsfulltrúi
15. Davíð Geir Jónasson, atvinnurekandi
16. Ása Hildur Eggertsdottir, nemi
17. Sigdís Erla Ragnarsdóttir, frístundaráðgjafi
18. Sjöfn Þórarinsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur
19. Sigurbjörg Björgvinsdóttir, hjúkrunarfræðingur
20. Kristinn Eggert Ágústsson, deildarstjóri
21. Gunnar Páll Pálsson, verkefnastjóri
22. Ingunn Guðmundsdóttir, sviðsstjóri

## Elsti starfandi barnaskóli landsins á betra skilið

Á almennum borgarafundi, sem haldinn var á Eyrarbakka sunnudaginn 20. mars 2022 og sóttur af fimmtungi íbúanna. Boðað var til fundarins að frumkvæði fulltrúa í hverfisráði Eyrarbakka, þeirra Drífu Pálín Geirs, Estherar Helgu Guðmundsdóttur og Vigdísar Sigurðardóttur. Á fundinum voru eftirfarandi ályktanir samþykktar samhljóða.:



### Bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri skora á bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að ganga í það strax að byggja upp bráðabirgðakennsluhúsnæði á Eyrarbakka með þeim hætti að skólastarf geti hafist með eðlilegum hætti næsta haust. Skólastarf verði þannig áfram tryggt í báðum þorpum, á Eyrarbakka og Stokkseyri. Skólastarf er hjarta hvers bæjarfélags og fjarlægð frá skólum oft stór þáttur í búsetuvali barnafólks. Verði skólahald á Eyrarbakka lagt niður mun lítil þjónusta verða eftir í þorpinu sem myndi leiða til lítillar nýliðunar barnafólks. Jafnvel gæti farið svo, að á Eyrarbakka verði aðeins eldri borgarar búsettir og húseignir seljist á lágu verði til frístundabúsetu.

### Framtíðarlausn á húsnæðisvanda Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri skora á bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að byggja upp framtíðarskólahúsnæði á Eyrarbakka, ásamt aðstöðu til verkgreinakennslu, íþróttaiðkunar og sunds. Jafnframt að skólahúsnæði á Stokkseyri verði fullbúið sem og viðunandi íþróttaaðstaða. Með því verði þorpunum Eyrarbakka og Stokkeyri sýndur sá sómi sem þeim ber og hampað því starfi og hlutverki sem elsti starfandi barnaskóli landsins, sem nú heldur upp á 170 ára starfsafmæli sitt, sinnir.

# FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

# FÉLAGSSTÖRF

**OPIÐ HÚS**
Opið hús fellur niður fimmtudaginn 14. apríl (skírdagur) og fimmtudaginn 21. apríl (sumardagurinn fyrsti). Næsta opna hús er fimmtudaginn 28. apríl. (Bæjarstjórnarkosningar, nánar auglýst síðar).

**HÖRPUKÓRINN**
Æfingar á mánudögum kl. 16.

**SKRIFSTOFA FEBSEL**
er opin eftir hádegi á fimmtudögum.

**HEILSUEFLING 60+**
í Selfosshöllinni þriðjudaga og fimmtudaga kl. 9:30 og 10:30.

# ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta




Er lúsmý að plaga þig?
Höfum til sölu sérhönnuð lúsmýsnet í metratali til að setja fyrir glugga. Sendum samdægurs um allt land.
Leitaðu upplýsinga og pantaðu á Postverslun.is.

ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Er eitthvað að frétta?
Sími 482 1944
dfs@dfs.is

# KIRKJUR

**Skálholtsdómkirkja**
Skírdagur 14. apríl: Morgunbæn kl. 9. Fermingarmessa kl. 11. Kvöldbæn kl. 18. Kvöldmessa kl. 20 með síðustu kvöldmáltíð og afskrýðingu altaris í lokin. Organisti er Jón Bjarnason. Sr. Dagur Fannar Magnússon og sr. Kristján Björnsson þjóna.

Föstudagurinn langi 15. apríl: Morgunbæn kl. 9. Píslasögumessa kl. 16 með Skálholtskórnum og lestri píslasögu Jesú Krists. Endað á síðustu orðum Krists á krossinum og tignun krossins. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Dagur Fannar Magnússon, sóknarprestur, og sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup þjóna fyrir altari.

Páskadagur 17. apríl: Árdegismessa kl. 8. Morgunkaffi á eftir í Skálholtsskóla, veitingastaðnum Hvönn, í boði staðarins. Organisti er Jón Bjarnason. Sr. Dagur Fannar Magnússon prédikar og þjónar fyrir altari. Hátíðarmessa kl. 14 með Skálholtskórnum. Organisti er Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson prédikar og þjónar fyrir altari.

**Bræðratungukirkja**
Skírdagur 14. apríl: Hátíðarmessa kl. 14. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Dagur Fannar Magnússon prédikar og þjónar fyrir altari.

**Torfastaðakirkja**
Föstudagurinn langi 15. apríl: Föstudagsmessa kl. 14. Lestur píslasögunnar og Passíusálmar.

**Þingvallakirkja**
Páskadagur 17. apríl: Guðsþjónusta við sólarupprás við kirkjuna eða í henni, ca. 06.30. Sr. Kristján Björnsson þjónar og prédikar.

Páskadagur 17. apríl: Hátíðarmessa í Þingvallakirkju kl. 14. Sr. Dagur Fannar Magnússon þjónar fyrir altari og prédikar.

**Miðdalskirkja**
Páskadagur 17. apríl: Hátíðarmessa kl. 11. Organisti Jón Bjarnason, Sönghópur kirkjunnar syngur. Sr. Dagur Fannar Magnússon prédikar og þjónar fyrir altari.

**Stóruborgarkirkja**
Annar dagur páska 18. apríl: Hátíðarmessa kl. 14. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Dagur Fannar Magnússon prédikar og þjónar fyrir altari.

**Selfosskirkja**
14. apríl, skírdagur. Fermingarmessur í Selfosskirkju kl. 11:00 og 13:00

17. apríl, páskadagur. Hátíðarmessa kl. 08:00, kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Gunnar Jóhannesson. Sóknarnefnd Selfosskirkju býður í morgunkaffi að messu lokinni.

21. apríl, sumardagurinn fyrsti Ratleikur í kirkjunni, hægt að koma milli 11:00 og 13:00 og taka þátt í ratleik í kirkjunni og umhverfi hennar, þau sem klára ratleikinn fá verðlaun. Hægt að fá vegabréfsstimpil í samstarfi við Vor í Árborg. Umsjón hafa Gunnar Jóhannesson, Sjöfn Þórarinsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir.

Messa sunnudaginn 24. apríl kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Gunnar Jóhannesson. Sunnudagaskóli á sama á tíma kl. 11:00, umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.

Minnum á hreinsunardag umhverfis kirkjuna laugardaginn 23. apríl kl. 10:00.

**Laugardælakirkja**
14. apríl, skírdagur. Messa í Laugardælakirkju kl. 14:30, almennur safnaðarsöngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

**Pílagrímaganga í Árborgarprestakalli**
15. apríl, föstudagurinn langi. Byrjað verður með helgistund í Eyrarbakkakirkju kl. 11:00 og gengið í Stokkseyrarkirkju þar sem endað verður með helgistund. Umsjón Guðbjörg Arnardóttir.

**Eyrarbakkakirkja**
17. apríl, páskadagur. Hátíðarmessa kl. 08:00, kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Arnaldur Bárðarson.

**Stokkseyrarkirkja**
17. apríl, páskadagur. Hátíðarmessa kl. 11:00, kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Arnaldur Bárðarson.

**Hraungerðiskirkja**
17. apríl, páskadagur. Hátíðarmessa kl. 13:30, kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Arnaldur Bárðarson.

**Villingaholtskirkja**
18. apríl, annar páskadagur. Hátíðarmessa kl. 11:00, kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

**Gaulverjabæjarkirkja**
18. apríl, annar páskadagur Hátíðarmessa kl. 14:00, kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

**Aðventistar**
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 16. apríl. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12, lestrar í tilefni páskanna. Verið velkomin og gleðilega hátíð.

**Helgihaldi í Víkurprestakalli um páska**
Skírdagur 14. apríl kl. 13:00 ferming Víkurkirkju.

Páskadagur kl. 8 Víkurkirkja

Páskadagur kl. 11 Skeiðflatarkirkja.

Páskadagur kl. 14 Ásólfsskálakirkju.

Páskadagur kl. 16 Stóra-Dalskirkja.

**Þorlákskirkja**
Skírdagur, 14. apríl. Fermingarmessa kl. 13:30.

Páskadagur, 17. apríl. Hátíðarguðsþjónusta kl. 10:00.

**Hjallakirkja í Ölfusi**
Annar í páskum, 18. apríl. Hátíðarguðsþjónusta kl. 13:30.

**Strandarkirkja í Selvogi**
Annar í páskum, 18. apríl. Hátíðarguðsþjónusta kl. 15:00.

**Marteinstungukirkja**
Hátíðarguðsþjónusta á páskadag, kl. 14.00.

**Skarðskirkja**
Hátíðarguðsþjónusta á páskadag, kl. 16.00.

**Árbæjarkirkja**
Páskamessa og ferming á 2. í páskum kl. 11.00.

**Kálfholtskirkja**
Hátíðarguðsþjónusta á 2. í páskum kl. 14.00.

Fermingarmessa og skírn á sumardaginn fyrsta, kl. 11.00.

**Hagakirkja**
Fermingarmessa á sumardaginn fyrsta, kl. 13.00.

**Hveragerðisprestakall**
Föstudagurinn langi: Pílagrímaganga. Byrjað verður með örstuttri helgistund í Hveragerðiskirkju kl. 11:30 og gengið í Kotstrandarkirkju þar sem endað verður með helgistund kl. 13. Í helgistundinni í Kotstrandarkirkju mun Unnur Birna Björnsdóttir sjá um tónlist. Lesið úr Passíusálmum. Öllum er velkomið að taka þátt í helgistundinni, einnig þeim sem ekki taka þátt í göngunni.

Páskadagur: hátíðarmessa í Hveragerðiskirkju kl. 8. Morgunverður í safnaðarheimilinu að messu lokinni í boði sóknarnefndar. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

Hátíðarmessa í Kotstrandarkirkju kl. 14.

Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar.

**Úthlíðarkirkja**
Páskadagur 17. apríl: Hátíðarmessa kl. 16. Ungbarnaskírn. Organisti er Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson prédikar og þjónar fyrir altari.

**Úlfljótsvatnskirkja**
Annar dagur páska 18. apríl: Hátíðarmessa kl. 11. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Dagur Fannar Magnússon prédikar og þjónar fyrir altari.

# BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Klettur ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2645 Miðvikudagur 13. apríl 2022

# Verðugur fulltrúi Sunnlendinga á Ólympíuleikum æskunnar




Um 2000 þátttakendur á aldrinum 14-18 ára, frá 47 Evrópulöndum tóku þátt í níu íþróttagreinum á Ólympíuleikum æskunnar, (EYOF 2022) sem haldnir voru í Vuokatti í Finnlandi frá 20.-25. mars sl. Meðal annars var keppt var á snjóbretti, skíðaskotfimi, íshokkíi, skíðastökki og á listskautum.

Einar Ágúst Ásmundsson var einn keppenda, en hann keppti á snjóbretti. Einar er 18 ára, fæddur árið 2004 og hefur búið á Selfossi síðan árið 2019. Hann er fæddur og uppalinn á Siglufirði en bjó um tíma í Noregi, þar sem hann tók stóru skrefin í snjóbrettaiðkuninni. „Ég hef bara rosalega gaman að því að vera á snjóbretti og er bara á snjóbretti eins mikið og ég get. Ég er til dæmis að fara núna í október til Austurríkis að keppa.“

Einar æfir mikið í Bláfjöllum, „annars erum við bara úti um allt, á Akureyri og svo erum við mikið bara uppi í fjöllum sjálfir, löbbum bara upp á fjöll og æfum, stundum erum við bara á götunni, á handriðum og allskonar,“ segir Einar og hlær. Þegar lítið er um snjó, reynir Einar að safna pening og koma sér til útlanda til að æfa eða bara þvælast hvert sem hann kemst til að finna snjó, en Einar og félagar hans úr sportinu nota jöklana mikið til æfinga á sumrin.

Undirbúningurinn fyrir Ólympíuleika æskunnar fóru að miklu leyti fram í á Akureyri, en Einar hefur verið að ná sér eftir ökklabrot svo hann gat ekki æft jafn mikið og hann hefði kosið, hann æfði þó eins oft og hann gat og er að sögn mikið í ræktinni og passar vel upp á heilsuna.

## Löng leið til Finnlands

Ferðalagið út var engin skotferð en Einar ferðaðist frá Íslandi til Danmerkur, þaðan til Noregs, frá Noregi til Finnlands, tók svo innanlandsflug í Finnlandi og keyrði að lokum í tvo og hálfan tíma til Voukatti. Þrátt fyrir að hafa verið að jafna sig eftir fyrrgreint ökklabrot, landaði Einar tólfta sætinu í sínum flokki, en það voru fjórir strákar að keppa á snjóbretti fyrir íslands hönd og Einar var sá eini sem fór fyrir hönd Suðurlands.

Einar hefur að sögn mikinn áhuga á að hvetja yngri kynslóðina til að fylgja sínum draumum, sem hann hefur bersýnilega gert sjálfur. Aðspurður um hvað hann myndi segja við sjálfan sig fyrir fimm árum segir þessi staðfasti ungi maður: „Ég ætla, get og skal.“ Það er nokkuð ljóst að framtíðin er björt og að unga kynslóðin okkar getur tekið sér þennan flotta íþróttamann til fyrirmyndar.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

TAXI SELFOSSI
482-3800

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Gerðu þín eigin fermingarboðskort á hönnunarvefnum okkar
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið kort, dagatöl og myndabækur

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is